

Umdæmisráð barnaverndar í Kraganum
viðauki I við samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar í Kraganum

Þóknun ráðsmanna

Styrkur vegna búnaðar sem nauðsynlegur er vegna starfans að upphæð 100.000, - kr. er greiddur til ráðsmanna, þ.m.t. varamanna, og greiðist 15. janúar ár hvert á skipunartíma ráðsins. Kostnaður vegna þessa skiptist milli sveitarfélaga til samræmis við fjölda íbúa 1. desember næstliðins árs, skv. skráningu Hagstofu Íslands.

Greidd er sérstök þóknun fyrir hvert mál sem kemur til kasta nefndarinnar. Þóknun formanns, eða varaformanns í forföllum hans, er 400.000.-kr fyrir hvert mál en þóknun annarra sem taka þátt í meðferð málsins, hvort sem það eru aðal- eða varamenn er 200.000.-kr.

Varði mál fleiri en eitt barn er greitt álag sem nemur 30% þóknunar fyrir varði mál tvö börn og 20% þóknunar varði mál þrjú börn. Eftir það greiðist 10% álag fyrir hvert barn umfram þrjú.

Þóknun er ætlað að taka til allrar umsýslu ráðsins, þ.á.m. boðunar aðila, úrvinnslu gagna, ritunar úrskurðar, fundarsetu og frágangs.

Sveitarfélög er standa að umdæmisráði barnaverndar í Kraganum geta endurskoðað ofangreindar fjárhæðir með sameiginlegri ákvörðun þar að lútandi.

Gildistaka

Viðauki I við samning um sameiginlegt umdæmisráð í Kraganum tekur gildi 1. janúar 2023.

Kópavogi, 2022

f.h. Garðabæjar

f.h. Hafnarfjarðar

Almar Guðmundsson bæjarstjóri

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri

f.h. Kjósarhrepps

f.h. Kópavogsbæjar

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri

Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri

f.h. Mosfellsbæjar

f.h. Seltjarnarnessbæjar

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri

Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri